

## Nefndarálit

um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2016, sbr. lög nr. 119/2016.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Annar minni hluti gagnrýnir harðlega meðferð fjárlaganefndar á frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2016. Málið var afgreitt úr nefnd með lágmarksskygningu frá fjármálaráðuneytinu og með lágmarksumfjöllun um þær breytingartillögur sem standa utan sameiginlegra breytingartillagna fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2017 og við fjárukalagafrumvarp það sem hér er fjallað um.

Í 43. og 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, sem nú hafa verið felld úr gildi, segir: „Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjárukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjárukalaga.“ Enn fremur má benda á að í nýsamþykktum lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, helst þessi meginhugsun laganna að fjárukalögum er ekki beitt nema í undantekningartilfellum eða eins og segir í 26. gr. sem enn skerpur á hugsun eldri laga: „Ráðherra er heimilt, ef þess gerist þörf, að leita aukinna fjárheimilda í frumvarpi til fjárukalaga til að bregðast við tímabundnum, ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum innan fjárlagaársins, enda hafi ekki verið unnt að bregðast við þeim með úrræðum sem tilgreind eru í lögum þessum. Í fylgiriti með frumvarpi til fjárukalaga skal skýra frá skiptingu fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna, sbr. 19. gr. Við framlagningu breytingartillagna við frumvarp til fjárukalaga á Alþingi skal liggja fyrir mat á áhrifum þeirra á heildarafkomu ríkissjóðs, skuldbindingar hans og aðrar forsendur fjármálaáætlunar.“

Meginhugsunin í eldri og nýrri lögum er því sú að aukinna fjárheimilda er ekki leitað nema um ófyrirséð atvik sé að ræða.

Eins og nefnt var í inngangi fékk nefndin lágmarksskygningu á fjárukalagafrumvarpinu og mjög takmarkaðan tíma til að rýna einstakar greinar þess. 2. minni hluti óskaði engu síður eftir minnisblaði frá innanríkisráðuneytinu um fjárlagaliði Þjóðkirkjunnar og Kristnisjóðs þar sem í greinargerð með frumvarpinu er vísað til kirkjujarðasamkomulagsins sem ástæðu fyrir hækkun framlaga til viðkomandi liða. 2. minni hluti óskaði eftir útreikningum og ítarlegri greinargerð sem útskýrði þá hækkun sem og upplýsingum um aðra samninga eða skuldbindingar á milli hins opinbera og Þjóðkirkjunnar, gildistíma þeirra og forsendur sem gætu leitt til útgjalda fyrir ríkissjóð. Jafnframt var óskað eftir mati ráðuneytisins á því hversu skuldbindandi þessir samningar væru og rökstuðningi fyrir þeirri skuldbindingu.

Í svari ráðuneytisins er að mati 2. minni hluta ekki að finna nægilega góð svör við fyrrgreindum spurningum. Í það minnsta fylgdu svarinu ekki þeir útreikningar sem óskað hafði verið eftir. Því var 2. minni hluta ekki unnt að meta hvort fjárbeiðnin væri í samræmi við heimildir laga um að útgjöldin þyrftu að vera ófyrirséð. Þar sem um gamlan samning er að ræða á 2. minni hluta erfitt með að sjá, miðað við fyrirliggjandi gögn, að útgjöld samkvæmt

honum teljist ófyrirséð. M.a. kemur fram í svarinu að á árinu 2015 hafi Þjóðkirkjan hafnað því að taka á sig þá skerðingu sem henni var gert að taka á sig í hruninu. Því er vandséð að um óvænt og ófyrirséð útgjöld hafi verið að ræða.

Alþingi, 22. desember 2016.

Björn Leví Gunnarsson.